

# 366. fundur Skólanefndar FS

## 13. desember 2023



**Mættir:** Bjarni Páll Tryggvason, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Sölvi Steinn Sigfússon áheyrnarfulltrúi nemenda og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Staðan við lok annar.
  2. Næsta önn.
  3. Útskrift.
  4. Önnur mál.

### 1. Staðan við lok annar.

Skólameistari sagði frá stöðunni við lok annar. Fjárveitingar fyrir næsta ár eru ekki komnar á hreint en ígildum fjölgar um 40. Aðhaldskrafa er 18-19 milljónir. Verið er að endurvinnna fjárhagsáætlun miðað við þessar breytingar en reksturinn við árslok er réttu megin við núllið.

Áætlanir ráðherra um sameiningu framhaldsskóla hafa verið lagðar á hilluna. Ráðuneytið hefur beint því til skólanna og heimamanna að ræða saman um sameiningu. Forsvarsfólk skólans og Keilis ræddu saman og voru sammála um að ekki væri hægt að taka ákvarðanir sem tækju gildi um áramót. Í staðinn verður farið í vinnu á vorönninni til að ræða hugsanlega sameiningu.

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur hafið undirbúning að viðbyggingu fyrir verknám við skólann. Skólinn er að taka saman upplýsingar um fjölda nemenda og fleira fyrir Framkvæmdasýsluna. Búið er að skipa verkefnastjóra og næsta skref er að gera fýsileikakönnun. Þar verða allir kostir skoðaðir varðandi viðbyggingu og staðsetningu hennar.

Skólameistari ræddi um stöðu nemenda úr Grindavík sem nú eru búsettir víða um land. Kennarar hafa verið í sambandi við þessa nemendur og gefið þeim svigrúm varðandi námið til að þau geti klárað önnina. Þá hefur skólinn veitt svigrúm varðandi mætingar. Nemendur úr Grindavík eru um 120 en ekki er ljóst hve margir þeirra koma á næstu önn.

Verið er að ganga frá húsnæði og búnaði fyrir FabLab smiðju og er stefnt að því að hefja starfsemi í janúar. Vilhjálmur Magnússon hefur verið ráðinn forstöðumaður smiðjunnar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SSB", "HAG", "GIL", "HMF", "GU", "HHS", and "BHT".

## 2. Næsta önn.

Skólameistari sagði frá undirbúningi fyrir vorönn. Sendir voru út greiðsluseðlar fyrir 860 nemendur í dagskóla og 50-60 í síðdegisnámi. Ekki er enn ljóst hvað nemendur verða margir á vorönninni en þar er t.d. óvissa með nemendum úr Grindavík. Um 100 grunnskólanemendur stunda nám í einstökum áföngum. Búið er að ráða tvo stuðningsfulltrúa sem munu starfa á starfsbraut og framhaldsskólabraut. Verið er að ræða við þá sem eru að setja upp Græna iðngarðinn um samstarf. Skólameistari sagði einnig frá búnaðarkaupum.

## 3. Útskrift.

Útskrift verður miðvikudaginn 20. desember kl. 14:00 á sal skólans. Að þessu sinni útskrifast 40 nemendur. Skólameistari bauð nefndarfólki að vera við útskriftina.

## 4. Önnur mál.

- a) Halldór lagði til að skoðað verði að taka upp fjarnám við skólann og byrjað verði á að skoða kosti og galla þess. Þar væri hægt að sinna nemendum úr Grindavík sem nú eru út um allt land og einnig að ná til þeirra sem hafa hætt námi auk annarra. Almennt rætt um tillöguna og hvaða hópa væri hægt að ná til með þessum hætti. Skólameistara falið að kanna þetta og gera samantekt sem verður kynnt fyrir skólanefnd.
- b) Helga spurði um fjölda nemenda í skólanum sem eru með íslensku sem annað tungumál. Skólameistari sagði það ekki hafa verið tekið saman formlega en það væru um 18-19% nemenda. Almennt rætt um stöðu þessara nemenda og íslenskukennslu hjá þessum hópi. Hilma benti á nýja vefsíðu fyrir nýja íbúa á Suðurnesjum, sudurnes.is.
- c) Sölvi Steinn fulltrúi NFS sagði frá starfsemi nemendafélagsins. Hann sagði frá starfinu á önninni og því sem er framundan.
- d) Ákveðið að næsti fundur skólanefndar verði í febrúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


  
Bjarni Páll Tryggvason, formaður


  
Helga María Finnbjörnsdóttir

  
Gunnar Valdimarsson

  
Kristján Ásmundsson, skólameistari

  
Halldór Rösmundur Guðjónsson

  
Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir

  
Sölvi Steinn Sigfússon

  
Guðmann Kristþórsson, fundarritari